

1871.

27. janúar.

verja gjaldi hreppsins til þjóðvega í amtinu á þessa leið, hefir stjórnarráðinu samt — eptir atvikum og einkum vegna þess, að það er sannað, að hreppstjórnarnir hafi fengið leyfi hjá yfirvaldi sínu, sem þá var, þorsteini kanselliráði Jóhnsen, til þess að verja þjóðvegagjaldinu, eins og sagt er —, fundizt ástæða til að nema úr gildi fjárnámsboðið með því skilyrði, að hreppstjórnarnir leggi fram kvittun fyrir kostnaðinum við brúargjörðina, og borgi aptur þann mun, sem kann að vera á kostnaðinum og því, sem þeir í raun og veru hafa tekið við í vegagjald, og skal það einnig eptir atvikum leyft, að Grytubakkahreppur, sem í raun rétttri er skyldugur til að borga aptur til þjóðvegagjaldsins kostnaðinn við tæða brúargjörð, verði laus allra mála, ef hann borgar aptur helminginn af kostnaðinum.

31. janúar.

**10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um styrk til að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.<sup>1</sup>**

Um leið og þér, herra stiptamtadur, með bréfi, dagsettu 28. nóvbrm. f. á., hafið sent hingað skýrslu sýslumannsins á Vestmannaeyjum um það, sem framkvæmt hefir verið með þeim 500 rd., sem veittir voru með fjárhagslögum fyrir fjárhagsárið, sem nú er, 20. gr. VI. A. 3, til þess að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum, hafið þér stungið uppá, samkvæmt bænarskrá tæðs sýslumanns, að 20 rd., sem ætlast má til að verði eptir af þessari fjárveiting, verði veittir honum sem þóknun fyrir umsjón hans við starfið, og hafið þér getið þess, að bæði mundi það hafa orðið kostnaðarsamara, að taka til þessa sérstakan umsjónarmann, enda hafi umsjón sýslumanns gjört það að verkum, að erfið hefir tekizt svo vel.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og

<sup>1</sup>) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III., 47, sbr. 16. bréf á eptir.

svo þér anglýsið það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, og þar sem þér, herra stiptamtmaður, jafnframt hafið farið þess á leit, að 500 rd. verði útvegaðir á næsta fjárhagsári til kostnaðar við að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum, skal þess getið, að þér megið vænta síðar nákvæmari visbendingar um það mál.

1871.

31. janúar.

## 11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til norður- og austur- amtsins, um verzlun við frakkneska fiskimenn.

31. janúar.

Um leið og amtið sendi hingað með bréfi 14. septbr. f. á. útskript áf prófi, sem haldið hefir verið við lögreglurétt. Sudurmúla-sýslu, en þar hefir hreppstjóri Bjarni Stefánsson sagt svo frá, að frakkneskt fiskiskip, að nafni »Stanislaus« frá »Gravelin«, hafi siglt upp á Norðfjörð, og skipverjár keypt hesta að Landsmönnum. hefir amtið getið þess, að hlutadeiganda sýslumanni hafi verið skipað, að höfða málssókn gegn þeim Íslendingum, sem verzlao hafa við skipverja og haft mök við þá, og stungið uppá, að stjórnarráðið hlutist til um, að hinum frakknesku fiskimönnum verði hegnt fyrir afbrot þeirra gegn lögum 15. apríl 1854, 3. og 4. gr.

Útaf þessu gefst hér með til vitundar, að þar sem aðeins einn maður hefir borið fram vitnisburð um lagabrot þetta, á stjórnarráðið ekki hægt með að gjöra nokkra ráðstöfun til að reka þetta mál að svo komnu, en til þess verður að útvega ítarlegri skýrslur um málavöxtu, og þá sér í lagi um heimili skipsins, sem í útskriptinni er kallað »Gravelin«, en í bréfi sýslumannsins til amtsins er nefnt »Granville«, og um það, hve mikil verzlunin hafi verið, o. s. frv. Að því er snertir málssókn þá, sem kann að vera höfðuð gegn þeim Íslendingum, sem verzlauu við Frakka, verður stjórnarráðið að mælast til, að amtið taki málssóknina aptur, þaræð bann það, sem áður var, gegn verzlun við útlendinga samkvæmt tilsk. 13. júní 1787, Kap. 1., 7. gr., nú er numið úr gildi með lögum 15. apríl 1854.